

Dags eftirlits	20.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Keflavíkurflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný Helgadóttir	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	Staðsetning	322.019 393.230

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávík komu fram við eftirlit en ein ábending er sett fram um að uppfæra þurfi númer á lögnum á afstöðumynd stöðvarinnar og senda til eftirlitsaðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli sem er samtengd olíubirgðastöð ODR ehf. í Helguvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir þrýstiprófunum Helguvíkurlagnarinnar frá tengibrunni á "Fuel West" lögninni og inn í stöð. Olíubirgðastöð rekstraraðila er einnig samtengd EAK hf. (Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli) með „hydrantlögn“ sem tengist inn á flughlað fyrir eldsneytisafgreiðslur á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en rekstraraðili sér um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir lagnarinnar. Heimilt er að hafa 5 geyma í stöðinni, þrjá fyrir JET A1, einn úrgangsolíugeymi og einn neðanjarðargeymi fyrir olíufeni. Einnig er heimilt er að taka á móti 500 tonnum af úrgangsolíu á ári. Starfsleyfið gildir til 18. febrúar 2037. Eftirlitið var framkvæmt í tveimur hlutum, annars vegar var haldinn fundur með rekstraraðila á TEAMS þann 31. maí sl. og hins vegar vettvangsferð sem framkvæmd var þann 20. júní sl.

### Boðað umfang eftirlitsfundar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Farið yfir skráningar á geyma- og lagnaskjali
- Áætlanir og viðbrögð
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

### Boðað umfang vettvangsferðar var eftirfarandi:

- Gengið um svæðið og aðstaðan skoðuð
- Frágangur um geyma
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Girðingar og hlið

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávík komu fram í síðasta eftirliti, árið 2021 og engin ábending sett fram. Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Nýr 3.800m<sup>3</sup> geymir fyrir JET-A1 eldsneyti hefur verið tekinn í notkun. Óskað var eftir því að rekstraraðili sendi til eftirlitsaðila, staðfestingu á lokaúttekt byggingarfulltrúa skv. gr. 4 í rg. nr. 884/2017 og niðurstöður endsneytisprófs á geyminum. Var sú staðfesting send eftirlitsaðila með tölvupósti, þann 19. júní sl.

Olíuskiljur eru sjónskoðaðar og mælingar gerðar með Macherey-Nagel prófi mánaðarlega. Undantöppun geyma fer í neðanjarðar stáltank, í gegnum síubúnað og þaðan aftur inn í eldsneytisgeymana. Einungis ónothæfu eldsneyti er fargað sem úrgangseldsneyti og fer það í Örfirisey.

Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og allar niðurgrafnar lagnir á síðustu 5 árum eins

og krafa er um í gr. 4.2 í starfsleyfi. Afgreiðslulögn frá Helguvíkurstöð að móttökustöðvum Fuel East og EBK var þrýstiprófuð í apríl 2020 og er í lagi.

Rekstrarhandbók er vistuð á rafrænu svæði rekstraraðila en einnig er skráð inn í möppur sem staðsettar eru í stöðinni. Skráningar eru góðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Unninn hefur verið gátlisti vegna skjálftaefirlits sökum mikilla jarðhræringa á síðustu árum. Hefur verið brugðist við þeirri áhættu með auknu eftirliti í lekaþróum stöðvarinnar og voru sprungumyndanir vegna skjálftanna skoðaðar í vettvangsferðinni. Ekki er talin hættu á að þróin leki að svo stöddu en bent er á að fylgjast þarf vel með framvindu mála, sérstaklega ef skjálftahrinur byrja aftur. Unnið er með verkfræðistofu að varanlegri lausn til varnar sprungumyndun vegna jarðskjálfta.

Góð úrgangsflokkun er í stöðinni og gott utanumhald þar um.

Skírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda er til staðar.

Starfsmenn fá reglulega þjálfun í meðferð hættulegra efna og viðbrögðum við mengunarslysum og er þjálfun þeirra skráð í rafrænan gagnagrunn. Öryggisblað fyrir JET-A1 var til staðar.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hún er snyrtileg á að líta og hlið og girðingar í lagi. Hlið stóð læst er að var komið. Gengið var um þró utanum geyma og sprungur skoðaðar. Ekki var að sjá að þær hefðu breyst frá síðasta eftirliti og ná þær ekki í gegnum steypa vegg þróarinnar. Litið var ofaní brunna við olúskiljur, gengið um dæluhús og plan. Engar ábendingar eru settar fram þar um og er stöðin snyrtileg á að líta.

#### **ÁBENDINGAR**

Ábending er sett fram um að uppfæra þarf upplýsingar um merkingar lagna á lagnateikningum í stöðvarhúsi og að senda þarf uppfærðar upplýsingar um lagnir og geymi nr. 4 til eftirlitsaðila. Verkfræðistofa vinnur að því að uppfæra afstöðumynd lagna og geyma og verða uppfærðar upplýsingar sendar til eftirlitsaðila um leið og þeirri vinnu er lokið.

#### **ANNAÐ**

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðað.

Reykjavík, 21.08.2023

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir